

## 111. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 29. júní 2020 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður  
Einar Brandsson varaformaður  
Helgi Pétur Ottesen  
Björn Guðmundsson  
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna  
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

### 1) Stjórn Höfða

Samkvæmt tölvupósti Akraneskaupstaðar dags.22.6.2020 var samþykkt á fundi bæjarráðs þann 15.6.2020 í umboði bæjarstjórnar Akraness að Einar Brandsson taki sæti Kristjönu Helgu Ólafsdóttur í stjórn Höfða. Rúna Björg Sigurðardóttir tekur við sem varamaður. Einar Brandsson er kjörinn varaformaður stjórnar Höfða.

### 2) Kynning á vinnu starfshóps um framtíðarskipulag mótuneytismála á Akranesi

Kristjana Helga Ólafsdóttir kom á fundinn og kynnti vinnu starfshópsins um mótuneytismál. Stjórn Höfða samþykkir áframhaldandi þátttöku í starfshópnum.

### 3) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 25.6.2020:**

Hjúkrunarrými: 18 einstaklingar.

Dvalarrými: 10 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 28 einstaklingar.

### 4) Heimild til að sækja um tímbundna breytingu á dvalarrýmum í hjúkrunarrými

Tillaga frá framkvæmdastjóra um ósk eftir heimild stjórnar til að sækja um tímabundna heimild til heilbrigðisráðuneytisins um að breyta 6 dvalarrýmum í 3 hjúkrunarrými á framkvæmdatíma endurbóta annarar hæðar Höfða.

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu.

### 5) Svar heilbrigðisráðuneytis(HRN) við umsókn um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra

Samkvæmt tölvupósti HRN dags. 20.05.2020 hefur heilbrigðisráðherra að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra ákveðið að veita ekki framlag til endurnýjunar á þak- og veggjaglæðningu á Höfða við úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2020.

Lagt fram.

HRN  
EZA.

6) Ársskýrsla Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir starfsárið 2019-2020  
Lögð fram.

7) Fundargerð framkvæmdanefndar, dags. 10.6.2020  
Lögð fram.

8) Starfsmannamál

a) Umsókn um launalaust leyfi.

Stjórn Höfða samþykkir umsókn Elvu Bjarkar Ævarsdóttur sjúkraliða um launalaust leyfi til eins árs.

b) Mönnun á Jaðri.

Samþykkt að framlengja tímabundinni aukningu á mönnun út september 2020.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20

Lisa Kara Arnardóttir.

Linda Brandsson

Júlíus Pinnur Ottarsson

Ólía Turgilevna Gunnarsd.

Guðm. Harald.

Þórunn Guðmund

Vinur/Vinur